



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

**Sendandi:** Fulltrúi Flokks fólksins

---

***Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 25. ágúst 2022; Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um aðgengi í miðbæ fyrir fatlað fólk***

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttindaráð beiti sér þegar kemur að því að standa vörð um aðgengi fatlaðra, fólk með skerta hreyfigetu, að miðbænum á dögum eins og menningarnótt, 17. júní og Þorláksmessu. Á menningarnótt voru lokanir fyrir bílaumferð umfangsmiklar og með því var loku fyrir það skotið að ákveðnir hópar hefðu aðgengi í bæinn. Auk þess er lagt til að ráðið beiti sér einnig fyrir að viðunandi þjónusta sé til staðar fyrir þá sem eru með skerta hreyfifærni, notast við hækjur eða hjólastóla s.s. að göngustígar séu aðgengilegir á hjólastól og að salernisaðstaða sé fullnægjandi. Hér er um mannréttindamál að ræða. Það eiga allir að hafa jafnan rétt og eiga þess kost að taka þátt í hátíðarhöldum.